

Læknaráð

Stjórnarfundur 05.02.2021

Dagskrá fundar í stjórn Læknaráðs Landspítala 05.02.2021:

1. Val stjórnar á varaformanni og ritara.
2. Fagråd Landspítala – val á fulltrúa lækna.
3. „Platform“ fyrir samskipti innan stjórnar (Teams hópur, Workplace, Facebook, annað?).
4. Fræðslunefnd og aðrar nefndir.
5. Fundartímar stjórnar Læknaráðs í framhaldinu.
6. Fundartímar og staðsetning funda Læknaráðs í heild í framhaldinu.
7. Tilkynning til allra lækna spítalans um að vera í Læknaráði sé valfrjáls.
8. Hugmyndir að fyrsta máli sem stjórnin mun mæla fyrir.
9. Önnur mál.

Fundur var haldinn þann 05.02.2021 og hófst kl.13 á Teams. Fundinn sátu þau Steinunn Þórðardóttir, Gunnar Bjarni Ragnarsson, Jón Örn Friðriksson, Kristján Dereksson, Þórunn Jónsdóttir, Björn Logi Þórarinsson, Hlynur Indriðason og Oddný Ómarsdóttir.

1. Gunnar Bjarni Ragnarsson var kjörinn varaformaður og Svanheiður Lóa Rafnsdóttir ritari Læknaráðs.
2. Sammælt var um að formaður Læknaráðs, Steinunn, muni hafa samband við Þorbjörn Jónsson og óska eftir þátttöku hans í fagráði Landspítala sem fulltrúi lækna.
3. Ákveðið var að samskipti innan stjórnar Læknaráðs muni fara fram á Teams, áriðandi tilkynningar verða einnig sendar með tölvupósti. Hægt að setja fyrirlestra á Workplace.
4. Stefnt verður að því að fræðslunefnd verði með fræðsluerindi mánaðarlega (mögulega byrja í mars nk.). Tillaga var samþykkt á fundinum um að óska eftir setu Ásgerðar Sverrisdóttur, krabbameinslæknis, í fræðslunefnd og mun Steinunn hafa samband við hana. Gunnar Bjarni verður fulltrúi Læknaráðs í fræðslunefndinni.
5. Til að byrja með mun stjórn Læknaráðs funda á tveggja vikna fresti á föstudögum kl.13. Næsti fundur verður því þann 18.02.2021, kl.13.
6. Fundir Læknaráðs verða þriðja föstudag hvers mánaðar (kl.13?). Hugsanlega þarf að huga að tækniástoð fyrir fundina.
7. Sammælt um að tilkynning þess efnis að vera í Læknaráði sé valfrjáls verði send með tölvupósti á alla lækna spítalans. Í tilkynningunni verður óskað eftir því að viðkomandi láti vita ef hann/hún vill ekki vera með í Læknaráði. Steinunn ætlar að gera drög að slíkri tilkynningu.
8. Varðandi hugmyndir að fyrsta máli sem ný stjórn mun álykta um þá kemur til greina að mælast til þess að læknar fái að nýta ráðstefnuréttindi sín fyrir árið 2020 (hvort sem er árið 2021, í Læknadaga – Fræðslustofnun o.s.frv.). Rök fyrir því eru m.a. þau að ónýttur ráðstefnuréttur komi niður á faglegu starfi (ath. gæðavottun), þetta sé hluti af símenntun lækna.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.14:20.